

Kirkjuþing 2023-2024

6. mál – þskj. 6a

TILLAGA

að starfsreglum um presta.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur og Stefáni Magnússyni (starfsreglunefnd).

Frsm. Bryndís Malla Elíadóttir.

Almennt

1. gr.

Prestar gegna hinu heilaga prests- og prédikunarembætti sem þeir eru vígðir til.

Prestsembættið skiptist í starf sóknarprests, prests, héraðsprests og sérþjónustuprests. Sú skipting varðar starfssvið, ábyrgð, réttindi og skyldur.

Um ráðningu og starfslok

2. gr.

Biskup Íslands er yfirmaður presta.

Biskup gerir ráðningarsamning um hvert prestsstarf. Ráðningarsamningur öðlast gildi við staðfestingu framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar. Gildir hið sama ef prestur er fluttur til í starfi.

Biskup gefur út erindisbréf fyrir hvern prest þjóðkirkjunnar, er lýsir almennum og sérstökum starfsskyldum prestsins.

Biskup getur skilgreint að tilteknu prestsembætti fylgi sérstakar viðbótarskyldur.

3. gr.

Fastráðning presta fellur úr gildi, án uppsagnar, frá og með næstu mánaðamótum eftir að 70 ára aldri er náð. Biskupi er þó heimilt að ráða prest, sem náð hefur 70 ára aldri, tímabundið til starfa en þó aldrei lengur en sex mánuði í einu.

Um embættisskyldur presta

4. gr.

Presti er skylt að sinna embætti sínu samkvæmt þeirri köllun sem hann hefur hlotið og vígslubréfi, svo og samkvæmt þeim lögum, starfsreglum, stefnum, siðareglum og innri samþykktum sem um starf hans gilda á hverjum tíma. Enn fremur ber presti að fara að ákvæðum ráðningarsamnings og erindisbréfs og hlýða boðvaldi biskups og prófests f.h. biskups.

Prestur skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á þjóðkirkjuna.

5. gr.

Presti er skylt að færa prestsþjónustubækur, skýrslur og skrár og sinna skjalagerð, skjalavistun og skýrsluskilum vegna embættisins samkvæmt nánari fyrirmælum biskups. Biskup getur ákveðið að skil á gögnum skuli vera rafræn.

Presti ber að láta í té þá aukþjónustu eða afleysingaþjónustu sem óskað er eftir enda sé hún á starfssviði hans skv. starfsreglum þessum eða erindisbréfi og í samræmi við ákvæði kjarasamnings presta.

Presti ber að sækja sér endurmenntun og handleiðslu skv. nánari ákvæðum þar um.

Um sóknarpresta og presta í prestaköllum

6. gr.

Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur.

Sóknarprestur er leiðtogi safnaðarins og starfar við hlið sóknarnefndar.

Heimilt er biskupi að ráða prest til starfa í fjölmönnum prestaköllum eða þar sem aðstæður gefa tilefni til.

Starfsvettvangur sóknarprests og prests er sókn eða sóknir prestakallsins.

Sóknarprestur og prestur eru samstarfsmenn í sóknum prestakallsins og ber að haga þjónustu sinni og samstarfi í samræmi við það. Báðir lúta þeir tilsjón prófasts og biskups.

Biskup getur ákveðið að skyldur sóknarprests í prestaköllum þar sem fleiri en einn prestur þjónar, færist milli presta með ákveðnu millibili.

7. gr.

Sóknarprestur er í fyrirsvari um kirkjulegt starf í sóknum prestakallsins og hefur forystu um mótun þess og skipulag í samráði við samstarfsprest.

Sóknarprestur ber ábyrgð á færslu prestsþjónustubóka prestakallsins og skilum á skýrslum um embættisverk til þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar og Þjóðskrár Íslands.

8. gr.

Þar sem prestar eru fleiri en einn í prestakalli skulu þeir, undir forystu prófasts skipta formlega með sér verkum með samstarfssamningi. Komi upp ágreiningur um skiptingu starfa eða í samstarfi presta skal málinu vísað til prófasts til úrlausnar. Ef ekki tekst að jafna ágreining skal málinu vísað til vígslubiskups. Ef samkomulag tekst ekki skal biskup Íslands úrskurða um verkaskiptingu.

9. gr.

Sóknarprestar og prestar sem sitja prestssetur skulu gæta hagsmuna þess í samstarfi við þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar.

Sóknarprestum og prestum ber að hafa samstarf um kirkjulega þjónustu innan hvers prófastsdæmis undir tilsjón og skipulagi prófasts.

Sóknarprestur og prestur skulu sitja aðalsafnaðarfundum, sóknarnefndarfundum, starfsmannafundum, héraðsfundum og fundum er biskup og prófastur boða til, svo og mæta í starfsgæðaviðtöl hjá prófasti, nema forföll hamli eða nauðsyn banni.

Um héraðspresta.

10. gr.

Héraðsprestur þjónar með prófasti og prestum í prófastsdæmum undir stjórn prófasts. Héraðsnefnd leggur honum til starfsaðstöðu á kostnað héraðssjóðs.

Héraðsprestur annast meðal annars afleysingar og skipuleggur fræðslumál þjónustusvæði sínu.

Um starfsskyldur héraðspresta gilda að öðru leyti ákvæði starfsreglna um starfsskyldur presta eins og við getur átt.

11. gr.

Ef héraðsprestur er ráðinn til þjónustu í fleiri en einu prófastsdæmi skal kveðið á um þjónustu hans í erindisbréfi sem biskup gefur út. Þar skal sérstaklega kveðið á um hvaða prófastur fari með umsjón og hvernig hlutaðeigandi héraðsnefndum ber að uppfylla skyldur sínar gagnvart héraðspresti.

Um sérþjónustupresta.

12. gr.

Sérþjónustuprestur er prestur sem er ráðinn til prestsþjónustu þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra eða til annarrar þjónustu í biskupsdæminu. Að jafnaði skal sérþjónustuprestur hafa sérmenntun til starfans.

Um starfsskyldur sérþjónustupresta gilda að öðru leyti ákvæði starfsreglna um starfsskyldur presta eins og við getur átt.

13. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um presta nr. 39/2022-2023.

Greinargerð.

Tveir fulltrúar í starfsreglunefnd kirkjuþings flytja mál þetta. Í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, sem öðluðust gildi 1. júlí 2021 segir svo í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða:

Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

Aukakirkjuþing 2021 kaus þann 27. ágúst það ár svonefnda starfsreglunefnd þriggja þáverandi kirkjuþingsfulltrúa til tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna

kirkjuþings. Starfsreglunefndin setti sér þau viðmið í byrjun að leitast yrði við að einfalda starfsreglusafn kirkjunnar og stytta starfsreglur þar sem því yrði við komið. Þannig hefur starfsreglunefnd í ýmsum tilvikum lagt til að dregið sé úr nákvæmum fyrirmælum í starfsreglum og þess í stað sé þeim aðilum sem eiga að fylgja starfsreglunum eftir treyst til útfæra þær eftir því sem best þykir henta hverju sinni. Kirkjuþing hefur jafnan samþykkt tillögur nefndarinnar þar að lútandi. Í þessu sambandi má nefna ákvæði 3. gr. starfsreglna um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar nr. 56/202-2022 þar sem segir að biskup Íslands og framkvæmdastjóri rekstrarstofu ábyrgðarsviða móti nánari stefnu, viðmið og verkferla, hvor fyrir sitt svið, eftir því sem þurfa þykir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkti í 41. máli starfsreglur um áframhaldandi gildi tiltekinna starfsreglna kirkjuþings til 1. janúar 2023, til að tími gæfist til að endurskoða regluverkið. Starfsreglur um presta nr. 1110/2011, sbr. starfsreglur nr. 1051/2018 voru þar á meðal.

Starfsreglunefnd lagði fram ýmsar tillögur að nýjum starfsreglum fyrir kirkjuþing 2021-2022 sem þingið samþykkti. Vegna mikils umfangs verkefnis nefndarinnar var talið rétt að fresta framlagningu ýmissa mála til kirkjuþings 2022-2023 þ. á m. tillögum að starfsreglum um presta. Kirkjuþing 2022-2023 hefur þegar samþykkt nokkrar tillögur starfsreglunefndar, þ. á m. tillögur að starfsreglum um presta nr. 39/2022-2023 sem eru að mestu leyti samhljóða eldri starfsreglum. Á kirkjuþingi 2022-2023 var einnig samþykkt þingsályktun í 19. máli þess efnis að vísa endurskoðun á starfsreglum um presta til starfsreglunefndar. Í upphaflegri tillögu til þingsályktunar í 19. máli er þörf á endurskoðun starfsreglnanna rökstudd í greinargerð með málinu.

Tillögur þessar eru reistar á framangreindum viðmiðum um einföldun og styttingu þar sem því þykir vera við komið. Starfsreglunefnd hefur auk þess litið sérstaklega til þess að ráðningarsamningar eru nú gerðir um prestsstörf. Hefur svo verið frá og með 1. janúar 2020. Fyrir þann tíma var um að ræða skipun eða setningu í embætti presta m.a. á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Um einstök ákvæði tillögunnar

Um 1. gr.

1. málsg. tillögunnar er nýmæli. Rétt þykir að skilgreina guðfræðilega þann grundvöll sem þjónusta hvers prests er reist á. 2. málsg. tillögunnar er svipuð núgildandi 1. gr. starfsreglna um presta. Hvað varðar skiptingu prestsstarfa er núverandi tilvísun í lög og starfsreglur felld brott en tekið fram að skiptingin varði réttindi og skyldur auk starfssviðs og ábyrgðar.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. málsg. er nýmæli og er m.a. höfð hliðsjón af starfsreglum um ráðningu í prestsstörf nr. 17/2020-2021, sbr. starfsreglur nr. 48/2021-2022.

Ákvæði 2. málsg. er á því reist að rétt þykir að orða skýrt, með hliðsjón af breyttu ráðningarfyrrikomulagi hvað varðar prestsstörf, að biskup sé yfirmaður presta

Þjóðkirkjunnar. Það er í samræmi við hinn almenna vinnumarkað þar sem vinnuveitandi sem ræður starfskraft til starfa er yfirmaður viðkomandi. Einnig þykir rétt að áskilja að formlegt ráðningarsamband milli Þjóðkirkjunnar og prests teljist ekki vera komið á fyrr en ráðningarsamningur hefur verið staðfestur af framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar. Hinu sama gegnir þegar prestur er fluttur til í starfi.

Ákvæði 3. málsg. á sér efnislega samsvörun í 1. málsg. 4. gr. nógildandi starfsreglna en texti er stytur.

Ákvæði 4. málsg. er samhljóða 2. málsg. 4. gr. nógildandi starfsreglna.

Um 3. gr.

Ákvæðið er samhljóða ákvæði 22. gr. starfsreglna um ráðningu í prestsstörf nr. 17/2020-2021, sbr. starfsreglur nr. 48/2021-2022.

Um 4. gr.

1. másl. 1. málsg. ákvæðisins er efnislega áþekkur nógildandi 1. málsg. 3. gr. starfsreglna um presta. Lagt er til í 2. másl. 1. málsg. að orðalagi hvað varðar aga- og eftirlitsvald biskups og prófesta sé breytt þannig að það sé gert enn skýrara að prestum beri að hlíta ábendingum og eftir atvikum fyrirmælum biskups og prófests, þyki ástæða til að setja slíkt fram.

Rétt þykir að taka upp í starfsreglur efni ákvæðis 2. másl. 1. málsg. 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum. Ákvæðið gildi um alla presta meðan þeir féllu undir lögin. Ákvæði þetta gildir í dag einvörðungu um þá presta sem enn hafa réttarstöðu embættismanns, sbr. 1. málsg. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021.

Um 5. gr.

1. málsg. tillögunnar er efnislega samhljóða 7. málsg. 3. gr. nógildandi starfsreglna um presta en lagt til að hugtakið „prestspjónustubækur“ sé notað í stað „embættisbækur“.

2. málsg. er óbreytt frá því sem segir í 9. málsg. 3. gr. nógildandi starfsreglna að öðru leyti en því að bætt er við að gæta skuli samræmis við kjarasamning presta þegar auka- eða afleysingapjónusta er áskilin.

3. málsg. er efnislega áþekk 8. mgr. 3. gr. nógildandi starfsreglna um presta. Þó er lagt til að prestum sé skylt að sækja sér endurmenntun og handleiðslu samkvæmt nánari ákvæðum þar um. Er þá miðað við að biskup, sem yfirmaður presta, setji nánari ákvæði um endurmenntunarskyldu presta.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 8. gr. nógildandi starfsreglna um presta. Þó þykir gleggri framsetning að víxla röð málsgreina þannig að 2. málsg. 8. gr. verði 1. málsg. og 1. málsg. 8. gr. verði 2. málsg.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. málsg. tillögunnar er áþekkt 1. másl. 1. málsg. 9. gr. núgildandi starfsreglna um presta. Þó er lagt til að sóknarprestur skuli hafa samráð við samstarfsprest þar sem prestar eru fleiri en einn. Lagt er til að brott falli 2. másl. 1. málsg. 9. gr. sem er svohljóðandi: „Í fyrirsvari og forystu sóknarprests felst ekki stjórnunarvald eða boðvald yfir presti.“

2. málsg. er efnislega samhljóða 2. málsg. 9. gr. en í stað orðsins „embættisbóka“ komi „prestspjónustubóka“ og í stað „biskupsstofu“ komi „þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar“.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. másl. er byggt á 11. gr. núgildandi starfsreglna um presta. Þó er lagt til að ákvæðið verði styttr og einfaldað nokkuð. Þannig er gert ráð fyrir að um verkaskipti skuli gerður samstarfssamningur í stað þess, eins og nú er, að tilgreina nákvæmlega í starfsreglum hvert efni formlegrar starfaskiptingar skuli vera.

Ákvæði 2., 3. og 4. másl. tillögu þessarar er samhljóða 2., 3. og 4. másl. 13. gr. núgildandi starfsreglna, en þó er bætt við í 2. másl. tillögunnar orðunum „eða í samstarfi presta“

Um 9. gr.

1. málsg. tillögunnar er samhljóða 1. mgr. 10. gr. núgildandi starfsreglna um presta nema að í stað orðanna „þá er stýra málefnum prestssetra“ komi „þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar“.

2. og 3. málsg. tillögunnar eru samhljóða 2. og 3. málsg. 10. gr. nema að í 2. málsg. tillögunnar er lagt til að orðin „og skipulagi“ bætist við.

Um 10. og 11. gr.

Ákvæði tillögunnar eru samhljóða ákvæðum 14. og 15. gr. núgildandi starfsreglna um presta.

Um 12. gr.

Ákvæðið er samhljóða 16. gr. núgildandi starfsreglna að öðru leyti en því að lagt er til að 2. málsg. 16. gr. falli brott en ákvæðið er svohljóðandi: „Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum erindisbréf.“ Fjallað er um útgáfu erindisbréfa í 3. málsg. 2. gr. tillagna þessara og ákvæðið því óþarft hér.

Um 13. gr.

Lagt er til að starfsreglur þessar, ef samþykktar verða, öðlist gildi við birtingu og að frá sama tíma falli brott starfsreglur um presta nr. 39/2022-2023.

Ekki er gert ráð fyrir kostnaði af samþykkt þessara starfsreglna.